



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

SAGA3HG05

Kennari	Atli Þorsteinsson, atli.thorsteinsson@fss.is	
Viðtalstími	Föstudagar klukkan 11:25 til 12:05 á kennarastofu	
Námsefni	Allt kennsluefni áfangans er á kennslusíðu áfangans á moodle: https://m.fss.is/course/view.php?id=150 Innritunarlykill er: SAGA3HG05 Eina sem nemandi þarf að kaupa er sérstök glósubók fyrir þennan áfanga.	
Áfangalýsing	Í þessum áfanga er fjallað um afdrifaríka atburði og sögulega vendipunkta, allt frá bandarísku borgarastyrjöldinni til loka Kalda stríðsins. Rýnt er í mannskæðustu orrustur síðari heimsstyrjaldar, líkt og Stalíngrad, D-daginn og orrustuna um Berlín. Einnig er kafað djúpt í alþjóðastjórnsmál Kalda stríðsins, vopnaeftirlit, Berlínarmúrinn og fall Sovétríkjanna í skugga Tsjernobyl-slyssins og stríðsins í Afganistan. Nemendur fá jafnframt innsýn í flókin átök í Mið-Austurlöndum í gegnum Sex daga stríðið og írönsku byltinguna. Loks eru pólitísk hneykslismál í Bandaríkjunum, líkt og Watergate og Íran-Kontra, krufin til að efla skilning á siðferði, upplýsingafrelsi og lýðræðislegu aðhaldi. Kennslufyrirkomulag er fjölbreytt.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að standast áfangann verða nemendur að fá a.m.k. 5 í meðaleinkunn í kaflaprófum. Nemendur geta tekið <u>eitt próf</u> upp í lok annar ef þeir stóðust ekki lágmarkskröfur. Athugið að í þessum áfanga er enginn stoðtími í lok annar til þess að vinna upp verkefni. Öllum verkefnum skal skila á réttum tíma.	
	Símatsáfangi ☒ Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐	
Heiti		Vægi
Kaflapróf		40 %
Umræðutímar		20 %
Verkefnabók		40 %
- Smáverkefni		- 30 %
- Greiningaverkefni		- 40 %
- Hugtakaverkefni		- 30 %

Reglur áfanga	Stundvísi og mæting - Nemendur eiga að vera sestir og tilbúnir með gögnin sín (bækur, tölvu, stílabók) þegar tíminn hefst. - Ef nemandi mætir eftir að farið er að fara yfir skipulag dagsins eða innlögn, bíður hann hljóðlega þar til færi gefst á að koma sér fyrir án þess að trufla vinnu annarra. Nemandi fær fjarvist fyrir tímann eftir 10 mínútur frá því að tími hefst samkv. stundaskrá og nemandi er ekki mættur - Að mæta tilbúinn þýðir líka að hafa hlaðið tölvuna heima og vera búinn að kynna sér áætlun dagsins (t.d. á Moodle). Vönduð vinnubrögð - Verkefnum skal skilað á réttum tíma í viðeigandi kerfi. Síðbúin skil án gildra ástæðna (eða læknisvottorðs) valda prósentulækkun eða að verkefnið sé aðeins metið til staðist/fallið. - Öll textagerð og heimildavinna á að vera eigin texti nemandans. Ritstuldur, óheft notkun á gervigreind án heimildaskráningar eða afritun frá samnemendum leiða til þess að verkefnið fær falleinkunn og er vísað til stjórnenda. - Allar fullyrðingar í stærri verkefnum skulu studdar rökum eða heimildum. Frágangur á að vera snyrtilegur og fylgja þeim sniðmátum sem gefin eru upp. Gott námsumhverfi - Símar eiga að vera í töskum (eða í símahólfi) á meðan á innlögn eða hópavinnu stendur, nema annað sé tekið fram. Tölvur eru eingöngu notaðar til að sinna verkefnum áfangans, ekki til að vafra á samfélagsmiðlum eða spila leiki. - Í umræðum (sérstaklega um flókin eða viðkvæm málefni) ræðum við hugmyndir en ráðumst ekki á persónur. Allir eiga rétt á að tjá sig án þess að af þeim sé hlegið eða gert lítið úr þeim. Við hlustum þegar aðrir tala. - Við göngum vel um borð og stóla og skiljum við stofuna eins og við viljum koma að henni. Hreyfing og spjall eiga heima í hópavinnu, en þegar unnið er að einstaklingsverkefnum ríkir vinnustofustemning (hljóð og einbeiting).
----------------------	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	<u>Gervigreindarsáttmáli</u> 1. Gervigreind er aðstoðarmaður – ekki staðgengill • Við megum nota gervigreind til að fá hugmyndir (brainstorming), skipuleggja vinnuna, lesa yfir eigin texta og útskýra flókin hugtök. • Við leyfum gervigreindinni aldrei að skrifa heilu málsgreinarnar eða verkefni fyrir okkur. Textinn sem við skilum á alltaf að vera okkar eigin orð og endurspegla okkar eigin skilning. 2. Við berum ábyrgð á staðreyndunum • Gervigreind á það til að skálda hluti eða misskilja samhengi (sérstaklega í sögu og heimspeki). • Við samþykkjum að treysta gervigreindinni aldrei blint. Allar staðreyndir, ártöl, nöfn og fullyrðingar verðum við að sannreyna með áreiðanlegum heimildum (svo sem kennslubókum eða viðurkenndum vefsíðum). 3. Gagnsæi og heiðarleiki • Ef gervigreind spilar stórt hlutverk í undirbúningi verkefnis, komum við hreint fram. • Við sammælumst um að geta þess í stuttri athugasemd eða neðanmálsgrein hvernig tæknin var notuð (t.d. „<i>Notast var við Gemini til að fínþússa málfar í meginmáli</i>“ eða „<i>ChatGPT var notað til að finna hugmyndir að ritgerðarefni</i>“). 4. Traust og rökstuðningur • Kennarinn treystir því að nemendur skili eigin vinnu. • Ef upp kemur rökstuddur grunur um að verkefni sé að öllu eða mestu leyti skrifað af gervigreind, á kennarinn rétt á að biðja nemandann um að útskýra efni verkefnisins og rökfærsluna á bak við það í stuttu spjalli.
Grunnpættir menntunar	Í þessum söguáfanga fléttast allir sex grunnpættir menntunar markvisst inn í kennsluna, með það að markmiði að efla skilning nemenda á samfélaginu og getu þeirra til að móta framtíðina. Lýðræði og mannréttindi ásamt jafnrétti eru rauður þráður í náminu, enda eru samfélagsgreinar kjölfesta slíkrar þekkingar. Við rýnum í þróun stjórnarfars og mannréttindabaráttu, og skoðum gagnrýnið hvernig þættir eins og kyn, stétt og þjóðerni hafa skapað mismunun eða forréttindi á ólíkum sögulegum tímum. Lögð er rík áhersla á læsi í víðum skilningi. Nemendur þjálfast í að skilja samfélag sitt á gagnrýninn hátt með því að greina ólíkar sögulegar heimildir, skilja samhengi þeirra og meta áreiðanleika upplýsinga. Sjálfbærni er rannsökuð með því að skoða samspil manns og náttúru í gegnum aldirnar. Við greinum hvernig fyrri samfélög nýttu auðlindir og hvernig efnahags- og umhverfispættir mótuðu lífsskilyrði. Til að styðja við heilbrigði og velferð fá nemendur tækifæri til að nálgast söguna út frá eigin styrkleikum og áhugasviði, sem hjálpar til við að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og skilning á eigin uppruna. Að lokum er sköpun mikilvægur hluti vinnulagsins. Hún snýst um að sjá nýja möguleika í vinnslu efnisins og nýta fjölbreytta miðla og stafræna tækni til að skapa og miðla eigin þekkingu á frumlegan hátt.

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - síðari heimsstyrjöldinni og hernaðarlegum vendipunktum: - kalda stríðinu og falli Sovétríkjanna - hruni Sovétríkjanna: - átökum og samfélagsbreytingum í Miðausturlöndum - sögu Bandaríkjanna: Styrjaldir, stjórnarskrárkrísur og hneykslismál	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - greina flókið orsakasamhengi sögulegra stóratburða: - bera saman og meta ólíka hugmyndafræði og stjórnarfarar: - meta áhrif hernaðar, tækni og átaka á samfélög og almenna borgara: - gagnrýna og draga ályktanir af pólitískum hneykslismálum: - túlka upplýsingar til að átta sig á sögulegum og landfræðilegum vendipunktum: - skilja orsakir og afleiðingar afdrifaríkra tæknislysa:
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - meta varanleg áhrif sögulegra atburða á samtímann og alþjóðakerfið: - gagnrýna stjórnsýslu, siðferði og mikilvægi upplýsingafrelsis: - greina sögulegar goðsagnir og áróður: - setja mannréttindi og mannúðarmál í sögulegt samhengi: - ræða lausnamiðaðar nálganir á alþjóðlegum deilumálum:	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	4 x 3 klst.	12 klst.
Verkefnavinna	15 klst.	15 klst.
Alls		107 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kennslustund 1: Inngangur og kynning Kennslustund 2: Heimildarýni	Ýmiss verkefni
2. vika 24.-28. ágúst	Kennslustund 3: Upplýsingalæsi Kennslustund 4: Charles Darwin Kennslustund 5: Heimildarýni Kennslustund 6: Borgarastyrjöldin í Bandaríkjunum	Ýmiss verkefni
3. vika 31. ágúst-4. september	Kennslustund 7: Borgarastyrjöldin í Bandaríkjunum Kennslustund 8: D-dagur Kennslustund 9: D-dagur Kennslustund 10: Orrustan um Stalíngrad	Ýmiss verkefni
4. vika 7.-11. september	Kennslustund 11: Orrustan um Stalíngrad Kennslustund 12: Fall Berlínar Kennslustund 13: Fall Berlínar Kennslustund 14: Adólf Hitler	Ýmiss verkefni
5. vika 14.-18. september	Kennslustund 15: Kanji Ishiwara Kennslustund 16: Leiðtogafundurinn í Höfða 1986 Kennslustund 17: Leiðtogafundurinn í Höfða 1986 Kennslustund 18: Innrás Rússa í Afganistan	Ýmiss verkefni
6. vika 21.-25. september	Kennslustund 19: Innrás Rússa í Afganistan Kennslustund 20: Fall Sovétríkjanna Kennslustund 21: Hlutapróf 1 Kennslustund 22: Kalda stríðið (heimildamynd)	Ýmiss verkefni Hlutapróf 1
7. vika 28. september-2. október	Kennslustund 23: Berlínarmúrinn Kennslustund 24: Berlínarmúrinn Kennslustund 25: Tsjernobyl slysið Kennslustund 26: Tsjernobyl slysið	Ýmiss verkefni
8. vika 5.-9. október	Kennslustund 27: Fréttaskýringar Kennslustund 28: Watergate hneykslið Kennslustund 29: Watergate hneykslið Kennslustund 30: Iran Kontra hneykslið	Ýmiss verkefni Fréttaskýringar rannsóknarverkefni
9. vika 12.-16. október Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.	Kennslustund 31: Iran Kontra hneykslið Kennslustund 32: Heimildamynd? Kennslustund 33: Sex daga stríðið Kennslustund 34: Sex daga stríðið	Ýmiss verkefni
10. vika 19.-23. október Vetrarleyfi 23. október	Kennslustund 35: Íran Írak stríðið Kennslustund 36: Íran Írak stríðið Kennslustund 37: Persaflóastríðið Kennslustund 38: Persaflóastríðið	Ýmiss verkefni
11. vika 26.-30. október Vetrarleyfi 26. október	Kennslustund 39: Kaflapróf 2 Kennslustund 40: Heimildamynd? Kennslustund 41: Borgarastyrjöld í Sýrlandi Kennslustund 42: Átökin á Norður Írlandi	Ýmiss verkefni Kaflapróf 2

Virðing, samvinna og árangur

12. vika 2.-6. nóvember	Kennslustund 43: Átökin á Norður Írlandi Kennslustund 44: Heimildamynd um Norður Írland Kennslustund 45: Deilur Ísraels og Palestínu Kennslustund 46: Deilur Ísraels og Palestínu	Ýmiss verkefni
13. vika 9.-13. nóvember	Kennslustund 47: Deilur Indverja og Pakistana Kennslustund 48: Deilur Indverja og Pakistana Kennslustund 49: Eftirmál þjóðarmorðanna í Rúanda Kennslustund 50: Eftirmál þjóðarmorðanna í Rúanda	Ýmiss verkefni
14. vika 16.-20. nóvember	Kennslustund 51: Hvað vilja Bandaríkjamenn með Grænland? Kennslustund 52: Kaflapróf 3 Kennslustund 53: Kvennafrídagurinn 1975 Kennslustund 54: Kvennafrídagurinn 1975	Ýmiss verkefni Kaflapróf 3
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Kennslustund 55: Frú Vigdís Finnbogadóttir Kennslustund 56: Konur á valdastóli Kennslustund 57: Pönksenan á Íslandi Kennslustund 58: Rokk í Reykjavík (heimildamynd)	Ýmiss verkefni
16. vika 30. nóvember-4. desember	Kennslustund 59: Úkraínu stríðið Kennslustund 60: Úkraínu stríðið Kennslustund 61: Fidel Castro og byltingin á Kúbu Kennslustund 62: Kaflapróf 4	Ýmiss verkefni Kaflapróf 4

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ykkar uppáhalds kennari Atli